

Mál 22/2019

Miðvikudaginn 16. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 27.6.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 8.11.2018 hafi komið í ljós að tík A var orðin of gömul fyrir fyrsta got, var ekki með gilt augnvottorð við pörun, og án mjaðma- og olnboganiðurstaðna við pörun með rakka B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7.8.2019 og henni gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærða svaraði efnislega og sagði gotið slys. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 8.11.2018 hafi komið í ljós að tík A hafði náð 8 ára aldri við pörun og hafði auk þess ekki gilt augnvottorð, mjaðma- eða olnboganiðurstöður við pörun með rakka B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þarf slíkt að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu labrador retriever og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

Félagsmönnum ber enn fremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: labrador retirever

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

Í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ 3.5 segir enn fremur:
Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrir séð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða hlýtur alvarlega áminningu.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir